

## Fundargerð stjórnar Fuglahundadeildar 30.09.2020

Fundur settur kl. 18 að Norðlingabraut 8, miðvikudaginn 30. september. Fyrri hluta fundarins sat veiðiprófanefnd FHD fundinn og var umræðuefnið prófadagskrá ársins 2021. Þann fund sátu auka stjórnar FHD þeir Dagfinnur Ómarsson og Haukur Reynisson.

- Á þessum fyrri hluta fundar var farið yfir veiðiprófadagskrá ársins 2021 og var niðurstaðan eftirfarandi (á eftir að fara til umfjöllunar inni í veiðiprófanefnd HRFÍ og til samþykktar hjá HRFÍ, gætu því orðið einhverjar breytingar þar á):
  - Heiðarpróf
    - 6.3 og 7.3 UF/OF
    - 17.9 til 19.9 UF/OF/KF
  - Sækipróf
    - 25.7 og 26.7 UF/OF
  - Meginlandshundapróf
    - 24.4 og 25.4 UF/OF/EL
    - 16.10 og 17.10 UF/OF/EL

Seinni hluta fundar sat stjórn FHD og mættir voru Atli Ómarsson, Bragi Valur Egilsson, Jón Ásgeir Einarsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur A. Unnsteinsdóttir

- Unnur lagði fram tillögur að breyttum lýsingum á hlutverki veiðiprófanefndar og göngu- og skemmtinefndar en lýsingin sem var til staðar samræmdist illa núverandi störfum nefndanna – var breytingin samþykkt af stjórn
- Rætt var hvort meginlandshundapróf október mánaðar væri möguleiki í ljósi aðstæðna – staðan verður tekin 7. október
- Vilji stjórnar var að gera facebook síðu deildarinnar opna en vegna reglna hjá facebook er það ekki möguleiki. Ekki talið borga sig að fara í það að stofna nýja síðu miðað við þann fjölda meðlima sem eru fylgjendur á facebook
- Búið að kalla ítrekað eftir uppfærslum á gagnagrunni FHD en fátt um svör, veruleg afturför að fara í að handslá inn gögn og villihætta sem því fylgir. Haft verður samband við skrifstofu HRFÍ vegna málsins
- Stjórn hefur mikið rætt hvernig hægt sé að auka þátttöku og fjölbreytni í starfinu. Fræðslu- og göngunefnd er farin af stað með sína dagskrá og hefur stjórn sent tillögur á nefndina að viðburðum
- Tekin ákvörðun um að boða til tengiliðafundar í janúar til að fá inn fleiri raddir en búið er að senda póst á alla tengiliði og óska eftir þeirra framlagi til að efla nýliðun og fjölbreytileika í starfinu

Fundi slitið kl. 20